

Færeyjar – sölumál – matvælalöggjöf EB

Færeyjar

Það eru tæp þrjú ár frá því að gengið var frá fríverslunarsamkomulagi á milli Færeyja og Íslands. Um leið og ljóst var að samkomulagið var í höfn athugaði MS hvernig best væri að nálgast þennan markað hjá vina- og frændþjóð okkar í Færeyjum. Þó svo að talað sé um fríverslunarsamning komu fljótlega í ljós ýmsar tæknilegar hindranir sem reyndust okkur erfitt að yfirstíga. Við skoðuðum vel hvernig við ættum að fara inn á markaðinn og að endingu var tekin ákvörðun um að óska eftir samstarfi við systurfyrirtæki okkar í Færeyjum, Meginfélag Búnaðarmanna, eða MBM eins og það er kallað dags daglega. Í byrjun maí fór fyrsta sendingin af afurðum frá okkur sem var dreift í verslanir í Færeyjum á vegum MBM. Ráðgert er að nota sumarið til að prófa hvaða vörur henta Færeyska markaðnum best og leggja svo í frekari markaðssókn með haustinu. Meðal þeirra afurða sem við erum að prófa núna er skyr, skyrdrykkur, abt með músli-toppi, smurostar og ostakökur.

Það verður spennandi að fylgjast með því hvernig okkur gengur í Færeyjum. Markaðurinn þar er um margt ólíkur þeim íslenska en ef neyslan þróast þar á svipaðan hátt og hún hefur gert á Íslandi má gera ráð fyrir að sala á ýmissi þægindavöru eigi eftir að aukast verulega á næstu árum. Það sem gerir Færeyjar að mjög sér-

stökum útflutningsmarkaði er að við notum sömu umbúðir og við notum hér heima. Þannig er því mjög auðvelt að prófa nýjar vörur þar sem ekki þarf að leggja í kostnaðarsama umbúðahönnun og þýðingu á innihaldi og öðru þess háttar.

Sölumál

Eins og flestir þekkja varð mikil verðhækkun á mjólkurvörum þann 1. apríl síðastliðinn þegar Verðlagsnefnd landbúnaðarins hækkaði verð á bundnum mjólkurafurðum um 14% sem er mikil hækkun. Ástæða hækkunarinnar er sú mikla hækkun sem orðið hefur á kostnaðarliðum í framleiðslu mjólkur hjá bændum sem og aukinn framleiðslukostnaður iðnaðarins. Þrátt fyrir nokkra hækkun til handa iðnaðinum dugur það engan veginn fyrir þeim hækkunum sem þegar hafa orðið. Mjólkuriðnaðurinn þarf því eina ferðina enn að hagræða á móti auknum kostnaði.

Þrátt fyrir miklar hækkanir í apríl var salan mjög góð á öllum okkar afurðum í apríl. Þá var það einnig eftirtektarvert að tiltölulega lítil umræða var um hækkun mjólkurafurða á opinberum vettvangi. Þrátt fyrir mikla hækkun þá sjáum við að verð á mjólk úr verslun er oft á bilinu 85 til 99 krónur per líter sem er mun lægra en aðrir drykkir. Á sama hátt er verð á niðursneiddum osti um 1.100 krónur út úr verslun sem er mun lægra en verð á öðru áleggi

enda hefur sala á þeirri afurð gengið með eindæmum vel undanfarið.

Matvælalöggjöf EB

Það er væntanlega að bera í bakkafullan lækinn að ræða um matvælalöggjöf EB sem ráðherra landbúnaðarmála stefnir að því að lögfesta fyrir sumarið. Á margan hátt er þetta lýsandi fyrir þá stöðu sem við og ýmsar aðrar atvinnugreinar búa við. Alþjóðlegir samningar sem Ísland er aðili að gera ráð fyrir að innleiddar verði nýjar reglur eða viðmiðanir sem geta haft mikil áhrif á starfsemi viðkomandi aðila. Hvað varðar matvælalöggjöfina þá er hún sennilega góðra gjalda verð ef hún hækkar ekki þann eftirlitskostnað sem af henni hlýst umfram núverandi kostnað sem er þó ærinn. Það sem er hins vegar ámælisvert er hversu iðnaðinum gefst stuttur tími til að senda inn ábendingar um lögin og auk þess er það umhugsunarefni hvort að ekki þurfi að tryggja lengri aðlögunarfrest en gert er ráð fyrir í lögunum. Ef lögin bitna fyrst og fremst á þeim sem stunda kjúklingarækt, eins og forsvarsmenn þess iðnaðar hafa lýst, þá er ekki ósanngjarnt að greinin fái 3-4 ára aðlögunarfrest til að vinna úr sínum málum.

*Með bestu kveðju,
Guðbrandur Sigurðsson*

Mjólkursöfnunarsvæði

Mjólkursöfnunarsvæði MS Egilsstaða hefur tekið miklum breytingum frá stofnun mjólkursamlags KHB 1959. Í upphafi var mjólk sótt innan Héraðsfjalla en í dag er mjólk sótt frá Vopnafirði suður í Berufjarðarbotn. Eftir að samlagið varð eign MBF árið 2003, var mjólk sótt suður undir Almanskard. Í dag er enginn mjólkurframleiðandi á milli Djúpavogs og Hafnar.

Hér hafa oftast verið tveir tankbílar 6-8 þús. Í en eftir að mjólkursamlagið varð hluti af MBF var útbúinn flutningabíll með lausum tönkum (4x1500 l) og dælubúnaði, sem þjónaði svæðinu sunnan Héraðs til mjólkursöfnunar og dreifingar á öllum mjólkurvörum frá Norðfirði og suður til Djúpavogs. Hann fór áfram til Hafnar eða að Seljavöllum, þangað sem bíll frá Selfossi kom og voru vörur færðar milli bíla. Í dag fer þessi „kombibíll“ lengst suður að Djúpavogi.

Núverandi tankbíll er 8.000 l, hann safnar mjólk úr Vopnafirði og Héraði.

Mjólkurframleiðendur eru nú 28, flestir á Héraði eða 18, 3 í Vopnafirði, 1 í Seyðisfirði, 1 í Norðfirði, 1 í Fáskrúðsfirði, 2 í Breiðdal, og 2 í Berufirði.

Söfnunarsvæðunum er skipt í tvennt:

Norðursvæðið sem skiptist í Vopnafjörð og bæi norðan Egilsstaða (Eiðabínghá og Hjaltastaðabínghá) og bæi sunnan Egilsstaða (Skriðdalur, Vellir).

Suðursvæðið skiptist frá Reyðarfirði til Norðfjarðar og frá Reyðarfirði til Djúpavogs. Að auki er farið þrisvar í viku á Seyðisfjörð til söfnunar og með vörur og til þess hefur verið notaður bíll sem verið hefur til dreifingar á Egilsstöðum og nágrenni.

Vikuleg innvigtun í hámarki

Síðustu fjögur ár hefur vikuleg innvigtun verið mest fyrri hluta máí. Mesta vikuleg innvigtun sem mælst hefur á landinu var 11.-17. maí í ár, eða samtals 2.680.905 lítrar. Eldra met frá síðasta ári var 29 þúsund lítrum lægra.

Gott að muna

- Árítandi er að fylgjast vel með kælingu mjólkurinnar þegar hitna fer í veðri. Þá fer að reyna meira á góða loftræstingu og virkni og ástand kælivéla.

Til mjólkurframleiðenda

28. apríl 2008

Efni: Endurskipulögð Framleiðendaþjónusta SAM (FP) frá 1. maí 2008

Breytingar á FP tóku gildi 1. maí s.l. Farið hefur fram ítarleg endurskoðun á starfsemi FP þar sem sérstaklega var haft að leiðarljósi að ná fram hagræðingu og draga starfsemina út úr allri útseldri þjónustu, en jafnframt að tryggja að framleiðendur hafi aðgang að ásættanlegu þjónustustigi og hafi ávallt aðgang að þeirri þjónustu sem nauðsynlega þarf að vera til staðar vegna mjalta og kælingar á mjólk. Og síðast en ekki síst að samræma þjónustuna enn betur um allt land. Í grófum dráttum felast breytingarnar í því að viðgerðarþjónustu og niðurgreiðslum vegna neyðarþjónustu verður hætt en aukin áhersla lögð á ráðgjöf, fyrirbyggjandi vinnu og tengsl við mjólkurframleiðendur.

Starfsmenn FP

Frá og með 1. maí starfa þrír ráðgjafar hjá FP og eru þeir jafnframt tengiliðir við mjólkurframleiðendur. Þeir hafa hver um sig ákveðinn hóp mjólkurframleiðenda sem þeir sinna í samstarfi við mjólkursamlagsstjóra, gæðastjóra mjólkursamlaga og starfsfólk rannsóknarstofa mjólkursamlaganna og SAM. Í eftirfarandi töflu koma fram nöfn ráðgjafanna og upplýsingar um þau svæði sem þeir hafa í sinni umsjón ásamt símanúmerum og netföngum þar sem hægt er að ná í þá:

Tengiliður við mjólkurframleiðendur	Svæði	Símanúmer/GSM	Netfang
Hans Egilsson	MS Rey, MS Búð, MS Ísa, MS Blö, KS Sak	437 1818/ 861 4775	hans@sam.is
Kristján Gunnarsson	MS Aku, MS Egi	460 9620/ 892 0397	kristjan@sam.is
Gunnar Kjartansson	MS Sel	480 1620/ 861 4772	gunnar@sam.is

Ráðgjafarnir starfa allir náið saman og fara á milli svæða ef nauðsyn krefur. Þeir þjónusta mjólkurframleiðendur eftir bestu getu við úrlausn vandamála, með þeirri kunnáttu og búnaði sem þeir búa yfir, en sinna ekki viðgerðum.

Aðstoð við úrlausn vandamála

Eitt aðalverkefni starfsmanna FP er að aðstoða mjólkurframleiðendur við hvers kyns gæðavandamál og skilja þá aldrei eftir með óleyst vandamál, annað hvort bjarga þeim málinu sjálfir eða útvega þá aðstoð eða annað sem vantar í það skiptið í samráði við viðkomandi mjólkurframleiðanda. Þeir starfa sem hluti af gæðakerfi mjólkursamlaganna og gæðakerfi viðkomandi mjólkurframleiðanda. Þannig eiga þeir með fyrirbyggjandi aðgerðum að koma í veg fyrir að upp komi vandamál með gæði mjólkur hjá framleiðanda, eða að öðrum kosti að vinna að því að leysa gæðvandamálin eins fljótt og unnt er.

Ráðgjöf um júgurheilbrigði

Starfsmenn FP og Þorsteinn Ólafsson, deildarstjóri Rannsóknarstofu SAM á Selfossi munu vinna í samvinnu við starfandi dýralækna og héraðsdýralækna að lausn vandamála varðandi júgurheilbrigði.

Neyðarþjónusta og viðgerðir

Þrátt fyrir að FP muni framvegis ekki sinna beinni neyðarþjónustu munu ráð-

frh. →

Bændakynning

Nafn:

Ásthildur Skjaldardóttir fædd í Reykjavík 1955 og alveg að verða 53 ára.

Bú:

Bakki 116 Reykjavík (Kjalarnes) og við leggjum inn hjá MS Reykjavík

Heimilishagir:

Í 36 ár erum við Birgir Aðalsteinsson, fæddur í Reykjavík 1955 alinn upp á Korpúlfsstöðum, búin að ganga saman æviveginn í gegnum súrt og sætt (aðallega sætt). Afraksturinn eru ó dætur á aldrinum 17-33 ára, 5 barnabörn (það sjötta á leiðinni), tvö viðbótarbörn og svo má ekki gleyma tengdasonunum (sem ég er sögð dekra) þannig að það er oft líf og fjör á Bakka.

Búskapur:

Við erum nánast eingöngu með mjólkurframleiðslu. Leggjum inn nokkur naut á ári. Mjólkurkvótinn er 196.000 lítrar. Kýrnar um 40 og meðalnytín tæpar 5.900 kg. Höfum líka malartekjur.

Hvenær hófstu búskap?

Við hófum búskap 1984 í Seljatungu í fyrrum Gaulverjabæjarhreppi en 1997 tókum við við búi á Bakka af ömmu

bræðrum mínum og höfum verið hér í 11 ár.

Hvað hefur breyst mest frá því að þú byrjaðir búskap?

Breytingar í minni búskapartíð hafa verið ótrúlega miklar. Mér finnst standa upp úr hve vel er hugsað um velferð kúnna í þessum nýju fjósum sem af þrautseigju er verið að byggja. Þegar ég byrjaði að búa var 4.000 kg meðalvigt ótrúlega há og átti maður ekki von á að ná því líkri nyt. En með meiri þekkingu og nýrri tækni sér ekki fyrir endann á þessari þróun.

Hvar eru sóknarfærin í búskapnum í dag?

Við verðum að vera vel vakandi yfir öllum möguleikum sem opnast og held ég að okkar sérstaða geti skapað okkur tækifæri til aukins útflutnings. Skyrið og smjörið virðast vera að ryðja brautina svo ég vona að fleiri sérvörur fylgi í kjölfarið eins og t.d. stoðmjólkinn.

Hvar kreppir skórin í búskapnum?

Það hefur verið ótrúlegur viðsnúningur til hins verra á afkomu búanna á skömmum tíma. Ég hef áhyggjur hvað greinin getur borgað lág laun og nýliðun er erfið. Mjólkurkvótinn er of dýr. Það er ekki spennandi fyrir ungt fólk



að byrja búskap við þessar aðstæður þó að það sé verið að taka við búi af kynslóðinni fyrir ofan. Það er ógerlegt að byrja alveg frá grunni. Ég er hrædd um að kúabúunum eigi eftir að fækka ennþá meira. Ég er ekki viss um að þeir sem eftir eru nái að stækka sem því nemur.

Framtíðaráform þín:

Halda áfram að bæta aðstöðuna á Bakka svo ég geti unnið við kýrnar þar til starfsævi minni lýkur.

Góð ráð til MS og Auðhumlu:

Missið ekki sjónar á takmarkinu og hlustið vel á grasróttina.

gjafar hennar að sjálfsgöðu verða mjólkurframleiðendum innan handar við að tryggja að þeir fái slíka þjónustu þegar á þarf að halda. Verið er að gera ráðstafanir til að mjólkurframleiðendur á öllu landinu hafi aðgang að neyðarþjónustu vegna kælivandamála með aðstoð FP. Starfsmenn FP munu á næstu dögum hver um sig kynna fyrir sínum umbjóðendum m.a. þá aðila sem þegar er vitað um að eru tilbúnir að veita mjólkurframleiðendum viðgerðarþjónustu vegna mjaltabúnaðar og/eða kælibúnaðar.

Tækniráðgjöf

Lögð verður áhersla á að ná góðu samstarfi við þjónustuaðila vegna tækniráðgjafar um allan mjaltabúnað og mjólkurtanka, auk þess sem aukin áhersla verður lögð á að veita þeim aðhald.

Þjónusta FP er án endurgjalds en öll aðkoma annarra þjónustuaðila verður á kostnað mjólkurframleiðenda. Það skal þó skýrt tekið fram að starfsmenn FP munu ekki kalla til utanaðkomandi þjónustuaðila án samráðs við viðkomandi mjólkurframleiðanda.


Mjólkurframleiðendur eru hvattir til að vera í sambandi við sinn tengilið hjá FP ef eitthvað er.

Samtök afurðastöðva í mjólkuriðnaði sf.


Magnús H. Sigurðsson,
framkvæmdastjóri SAM

Jón K. Baldursson,
gæða- og umhverfisstjóri MS.


Samanburður á frumutölu árin 2008 og 2007 hjá innleggjendum MS



Samanburður á líftölu árin 2008 og 2007 hjá innleggjendum MS



Innvigtun mjólkur á landinu eftir vikum



Útgefandi Auðhumla og MS

Ábyrgðarmaður:
Guðbrandur Sigurðsson

Ritstjóri:
Sigrún Halldórsdóttir, sigrunh@ms.is

Ekki er leyfilegt að vitna í Sveitapóst Auðhumla og MS á opnum vettvangi.

Upplýsingar um rekstur félagsins og önnur skyld efni má nálgast hjá forstjóra, Guðbrandi Sigurðssyni, í síma 569 2200.

Sala á mjólkurvörum í apríl 2008

Apríl	Sala þús. 2007	Sala þús. 2008	Mism. þús kr.	Mism. %	Magn ltr/kg 2007	Magn ltr/kg 2008	Mism. ltr/kg	Mism. %
1. Ferskvörur	583.119	716.256	133.138	22,8%	4.147.044	4.350.751	203.707	4,91%
2. Ostar og smjör	359.275	467.523	108.249	30,1%	525.181	573.375	48.194	9,18%
Samtals:	942.393	1.183.780	241.386	25,6%				

Janúar-apríl	Sala þús. 2007	Sala þús. 2008	Mism. þús kr.	Mism. %	Magn ltr/kg 2007	Magn ltr/kg 2008	Mism. ltr/kg	Mism. %
1. Ferskvörur	2.432.969	2.569.697	136.728	5,6%	17.524.915	17.311.438	-213.477	-1,22%
2. Ostar og smjör	1.458.081	1.694.590	236.509	16,2%	2.158.241	2.368.410	210.169	9,74%
Samtals:	3.891.050	4.264.287	37.237	9,6%				

Sala í apríl 2008 er mun meiri en í apríl í 2007. Söluölur eru ekki samanburðarhæfar vegna þess að í fyrra voru páskar í apríl, en í ár voru þeir í mars. Salan fyrstu fjóra mánuði ársins dróst saman um 1,2% í ferskvöru en jókst um 9,7% í ostum og smjöri. Veltuaukning fyrstu fjóra mánuði ársins var 9,6% m.v. sama tíma í fyrra.

Innvigtun og nýting greiðslumarks á verðlagsárinu 2007-2008

Landið september-apríl:	2007-2008	2006-2007	Mismunur	Hlutfall
Samtals:	81.112.256	79.132.394	1.979.862	2,50%
Greiðslumark	117.000.000	116.000.000	1.000.000	0,86%
Nýting greiðslumarks	69,33%	68,22%		

Landið janúar-apríl:	2008	2007	Mismunur	Hlutfall
Samtals:	43.091.665	42.302.510	789.155	1,87%

Vikuinnlegg síðustu 5 vikurnar:

Landið síðustu 5 vikur:	2008	2007	Mismunur	Hlutfall
15	2.564.029	2.525.025	39.004	1,54%
16	2.597.708	2.553.825	43.883	1,72%
17	2.636.717	2.580.843	55.874	2,16%
18	2.651.868	2.624.432	27.436	1,05%
19	2.674.808	2.641.536	33.272	1,26%
Samtals:	13.125.130	12.925.661	199.469	1,54%

Yfirlit mælinga hjá MS í apríl 2008

Tímabil	V/MM/ÁÁ-V/MM/ÁÁ	Fita	Prót	Kas.	Ffs.	Úre.	Fmk.	Líftala	Frumut.	MFM	Fjöldi
	1/04/08 - 4/04/08	4,06	3,33	2,59	0,60	6,60	-0.546	15	251	228	2.810

Líftala í þúsundum hjá MS í apríl 2008

% sýna í hverjum flokki miðað við líftölu

0-40	0-75	0-400	401-600	601-3000	yfir 3000
88,90	96,16	99,36	0,39	0,14	0,11